

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2011
R2011110018

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/110
komudagur 14.11.2011

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um fjársýsluskatt - 193. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. nóvember 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki, þá sem stunda váttryggingastarfsemi og lífeyrissjóði.

Í gildistökuákvæði þess frumvarps sem hér er til umsagnar kemur fram að lögin skuli taka þegar gildi og koma til framkvæmda í staðgreiðslu vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 2012. Ríkisskattstjóri bendir á að um er að ræða nýja löggjöf og nýja tegund af skatti sem krefst þess að embætti ríkisskattstjóra láti hana og framleiða nýtt kerfi utan um þennan skatt.

Slík hönnun og forritun tekur tíma og að mati ríkisskattstjóra er of stuttur tími gefinn til nauðsynlegs undirbúnings verði frumvarpið að lögum á haustþingi 2011. Þá má benda á að kynning á þessari nýju skattlagningu er ómótuð og alveg ljóst að ýmis lögfræðileg álitamál munu rísa við undirbúninginn sem nauðsynlegt er að leysa úr áður en innheimta hefst.

Ríkisskattstjóri bendir ennfremur á að nauðsynlegt er að hafa samráð við aðila sem frumvarpið tekur til sem og Fjársýsluna og innheimtumenn.

Í kostnaðarumsögn kemur fram að stofnkostnaður vegna breytinga á tölvukerfum og einskiptis útgjöld séu um 15 milljónir og árlegur rekstrarkostnaður allt að 4 millj. Fjárhæðir þessar hafa verið lækkaðar frá því sem ríkisskattstjóri gerði fjármálaráðuneytinu grein fyrir.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt
